

**2006 nr. 23 12. apríl****Lög um upplýsingarétt um umhverfismál**

Tóku gildi 3. maí 2006; EES-samningurinn: XX. viðauki tilskipun 2003/4/EB. Breytt með l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

**I. kafli. Markmið, gildissvið og skilgreiningar.****■ 1. gr. Markmið laganna.**

□ Markmið laga þessara er að tryggja almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfismál, sem stjórnvöld hafa yfir að ráða eða geymdar eru fyrir þeirra hönd, til að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings í töku ákvarðana um umhverfismál.

**■ 2. gr. Skilgreining á stjórnvöldum sem falla undir lög.**

□ Lög þessi gilda um:

1. öll stjórnvöld sem falla undir gildissvið upplýsingalaga,

2. lögaðila sem hefur verið falið opinbert hlutverk eða veitir almenningi opinbera þjónustu sem varðar umhverfið á grundvelli laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða samnings við stjórnvöld sem falla undir 1. tölul.,

3. lögaðila sem gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu sem varðar umhverfið og lúta stjórn þeirra stjórnvalda sem falla undir 1. tölul. Lögaðili er talinn lúta opinberri stjórn í þessum skilningi þegar stjórnvöld skv. 1. tölul. tilnefna meira en helming stjórnarmanna í stjórn lögaðilans eða hafa á annan hátt virk yfirráð yfir honum.

□ Einvörðungu upplýsingar sem til verða eða aflað er í tilefni af hinu opinbera hlutverki eða þjónustu þeirra sem ákvæði 2. og 3. tölul. 1. mgr. taka til falla undir lög.

□ Lög gilda ekki um Alþingi, umboðsmann Alþingis, Ríkisendurskoðun eða dómstóla.

**■ 3. gr. Skilgreining á upplýsingum um umhverfismál.**

□ Með upplýsingum um umhverfismál er átt við hvers kyns upplýsingar í rituðu, sjónrænu, heyranlegu, rafrænu eða einhverju efnislegu formi um:

1. ástand afmarkaðra þátta umhverfisins, svo sem andrúmslofts og lofthjúps, vatns, jarðvegs, lands, landslags og náttúruminja, þ.m.t. votlendis og strand- og hafsvæða, líffræðilegrar fjölbreytni og þátta hennar, þ.m.t. erfðabreyttra lífvera, og samspil milli þessara þátta,

2. þætti á borð við efni, orku, hávaða, geislun eða úrgang, þ.m.t. geislavirkan úrgang og losun hvers kyns efna og þátta út í umhverfið sem hafa áhrif á eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti í umhverfinu sem um getur í 1. tölul.,

3. ráðstafanir í tengslum við stefnumótun, löggjöf, skipulags- og framkvæmdaáætlanir og samninga á sviði umhverfismála sem hafa eða líklegt er að hafi áhrif á þá þætti sem um getur í 1. og 2. tölul., auk kostnaðar- og ábatagreiningar eða annars konar hagkvæmnigreiningar sem notuð er í tengslum við ákvarðanir um slíkar ráðstafanir,

4. ástandið að því er varðar heilbrigði manna og öryggi, þ.m.t. mengun í fæðukeðjunni, líffskilyrði fólks, menningarminjar og mannvirki að svo miklu leyti sem þau verða eða líklegt er að þau verði fyrir áhrifum vegna ástands þeirra umhverfisþátta sem um getur í 1. tölul. eða vegna þeirra atriða sem um getur í 2. tölul.

**■ 4. gr. Gildissvið gagnvart öðrum lögum.**

□ Ákvæði annarra laga sem heimila víðtækari aðgang að upplýsingum halda gildi sínu.

□ Almenn ákvæði laga um þagnarskyldu takmarka ekki rétt til aðgangs að gögnum samkvæmt lögum þessum.

□ Lög þessi gilda ekki um rannsókn eða saksókn í [sakamáli].<sup>1)</sup>

□ Réttur til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum vikur fyrir lögvörðum réttindum samkvæmt höfundalögum.

<sup>1)</sup> L. 88/2008, 234. gr.

**II. kafli. Aðgangur að upplýsingum um umhverfismál.****■ 5. gr. Upplýsingaréttur almennings um umhverfismál.**

□ Stjórnvöldum þeim sem falla undir 2. gr. er skylt, sé þess óskað, að veita almenningi aðgang að fyrirbyggjandi upplýsingum um umhverfismál með þeim takmörkunum sem greinir í 6. gr. Stjórnvöldum er ekki skylt að afla sérstaklega upplýsinga til þess að láta almenningi þær í té.

□ Upplýsingarétturinn tekur bæði til gagna sem eru í vörslum stjórnvalds og gagna sem annar aðili geymir fyrir hönd þess.

**■ 6. gr. Takmarkanir á upplýsingarétti.**

□ Réttur almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál tekur ekki til:

1. gagna sem undanþegin eru aðgangi skv. 4.–6. gr. upplýsingalaga,

2. efnis sem er í vinnslu eða ófullgerðra skjala eða gagna, en þá skal jafnframt upplýst hvenær ætla má að gögnin verði tilbúin, eða

3. upplýsinga sem sérstök lagaákvæði um þagnarskyldu taka til.

□ Áður en stjórnvald tekur ákvörðun um aðgang að upplýsingum um umhverfismál getur það skorað á þann sem upplýsingarnar varða að upplýsa hvort efni þeirra varði viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni sem leyndar eiga að njóta lögum samkvæmt. Stjórnvald skal veita frest í sjö virka daga til þess að svara erindinu.

**■ 7. gr. Takmarkalaus upplýsingaréttur að tilteknum tíma liðnum.**

□ Veita skal aðgang að gögnum sem 1. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til eftir ákvæðum 8. gr. upplýsingalaga.

□ Veita skal aðgang að gögnum sem 2. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til jafnskjótt og viðkomandi skjöl eða gögn hafa verið fullgerð nema önnur undantekningarákvæði taki jafnframt til þeirra.

□ Veita skal aðgang að gögnum sem 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. tekur til þegar liðin eru þrjátíu ár frá því að gögnin urðu til nema upplýsingarnar varði viðkvæma einkahagsmuni.

**■ 8. gr. Upplýsingar um mengandi losun út í umhverfið.**

□ Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. og 3. og 5. tölul. 6. gr. upplýsingalaga og 3. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga þessara á almenningur rétt á því að fá aðgang að upplýsingum um mengandi losun út í umhverfið.

**■ 9. gr. Aðgangur að hluta skjals.**

□ Ef ákvæði 6. gr. á aðeins við um hluta skjals skal veita almenningi aðgang að öðru efni skjalsins ef unnt er að skilja upplýsingarnar sem falla undir undantekningar frá þeim upplýsingum sem beðið er um. Sama regla á við um önnur gögn eftir því sem við getur átt.

**■ 10. gr. Almenn miðlun upplýsinga um umhverfismál.**

□ Stjórnvöld, sem undir lög þessi falla, skulu vinna að því að gera upplýsingar um umhverfismál aðgengilegar almenningi. Umhverfissráðherra er heimilt með reglugerð að setja nánari ákvæði um miðlun slíkra upplýsinga.

**III. kafli. Málsmeðferð.**

■ **11. gr.** *Beiðni um aðgang að upplýsingum og málsmeðferð.*

□ Sá sem fer fram á aðgang að upplýsingum um umhverfismál á grundvelli 5. gr. skal tilgreina þær upplýsingar sem hann óskar eftir að fá.

□ Stjórnvald getur vísað frá beiðni ef tilgreining þeirra upplýsinga sem óskað er eftir aðgangi að er of óljós til að hægt sé að afgreiða beiðnina. Áður en til þess kemur ber að veita málsaðila leiðbeiningar þar um og gefa honum færi á að afmarka beiðni sína nánar.

□ Stjórnvald getur sett það skilyrði að beiðni um aðgang að upplýsingum sé skrifleg og komi fram á eyðublaði sem það leggur til.

□ Þegar farið er fram á aðgang að upplýsingum í máli þar sem taka á eða tekin hefur verið stjórnvaldsákvörðun skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem tekið hefur eða taka mun ákvörðun í málinu. Annars skal beiðni beint til þess stjórnvalds sem hefur upplýsingarnar í vörslum sínum.

■ **12. gr.** *Málshraði og málsmeðferð.*

□ Stjórnvald skal taka ákvörðun um hvort það verður við beiðni um aðgang að upplýsingum svo fljótt sem verða má. Hafi beiðni ekki verið afgreidd innan 15 virkra daga frá móttöku hennar skal skýra aðila frá ástæðum tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

□ Hafi beiðni um aðgang að upplýsingum ekki verið afgreidd 60 dögum eftir að hún barst stjórnvaldi er aðila heimilt að kæra afgreiðsluna til úrskurðarnefndar um upplýsingamál sem úrskurðar um upplýsingarétt hans.

□ Þegar afgreitt er erindi um aðgang að upplýsingum um umhverfismál sem höfundaréttur tekur til skal veita upplýsingar um nafn réttshafa, liggi þær fyrir.

□ Um málsmeðferð fer að öðru leyti eftir stjórnsýslulögum.

■ **13. gr.** *Ljósrit eða afrit af gögnum.*

□ Stjórnvöld skulu veita aðgang að upplýsingum um umhverfismál á því formi eða með því sniði sem þær eru varðveittar á, nema þær séu þegar aðgengilegar almenningi. Þegar upplýsingar eru varðveittar á rafrænu formi getur aðili valið á milli þess að fá þær á því formi eða útprentaðar á pappír.

□ Þegar skjöl eru mörg getur stjórnvald ákveðið að fela öðrum að sjá um ljósritun þeirra. Hið sama á við hafi stjórnvald ekki aðstöðu til að ljósrita skjöl. Þá skal aðili greiða þann kostnað sem hlýst af ljósritun skjalanna. Hið sama gildir um afrit af öðrum gögnum en skjölum eftir því sem við á.

□ Umhverfisráðherra ákveður með gjaldskrá hvað greiða skuli fyrir ljósrit og afrit gagna sem veitt eru samkvæmt lögum þessum þannig að mætt sé þeim kostnaði sem af því hlýst, þ.m.t. efnis- og launakostnaði og eðlilegum afskriftum af þeim búnaði sem notaður er við afritun upplýsinga. Ef fyrirsjáanlegt er að kostnaður við afritun eða ljósritun verði hærrí en 10.000 kr. er heimilt að krefjast fyrirframgreiðslu.

■ **14. gr.** *Rökstuðningur og tilkynning ákvörðunar.*

□ Ákvörðun stjórnvalds um að synja beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál, að hluta eða í heild, skal rökstudd og tilkynnt skriflega. Hið sama gildir ef synjað er beiðni um ljósrit eða afrit af umbeðnum gögnum.

**IV. kafli. Stjórnsýslukæra.**

■ **15. gr.** *Kæruheimild.*

□ Heimilt er að bera synjun stjórnvalds á beiðni um aðgang að upplýsingum um umhverfismál samkvæmt lögum þessum undir úrskurðarnefnd um upplýsingamál sem úrskurðar um ágreininginn. Hið sama gildir um synjun stjórnvalds á beiðni um ljósrit af skjölum eða afrit af öðrum gögnum.

□ Um meðferð slíkra mála gilda ákvæði 14.–19. gr. upplýsingalaga.

**V. kafli. Ýmis ákvæði.**

■ **16. gr.** *Innleiðing á tilskipun.*

□ Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE, sem tekin var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2003 hinn 26. september 2003.

■ **17. gr.** *Gildistaka og lagaskil.*

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

□ Ákvæði laganna gilda um allar upplýsingar um umhverfismál án tillits til þess hvenær þær urðu til eða hvenær þær hafa borist stjórnvöldum.

■ **18. gr.** . . .